

Dagskrárliður 9

Tillaga að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs Einingar-löju, lagt fram á aðalfundi 16. apríl 2024.

Núverandi grein

17. gr. Upplýsingaskylda

17.1 Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt m.a. með útgáfu bæklinga, dreifirita og/eða á heimasíðu félagsins.

Tillaga að breytingum

17. gr. Upplýsingaskylda

- 17.1 Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt m.a. með útgáfu bæklinga, dreifirita og/eða á heimasíðu félagsins.
- 17.2 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessum starfsreglum skal missa rétt til bóta úr sjóðnum vegna þess tilviks sem um ræðir.
- 17.3 Skylt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Áður en félagsmaður er sviptur bótarétti skal veita honum rétt til andmæla. Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur bótarétti.
- 17.4 Félagið skal endurkrefja bótaþega þegar bætur/dagpeningar eru ofgreiddir á grundvelli rangra upplýsinga eða vegna þess að bótaþegi hefur látið hjá líða að veita eða uppfæra upplýsingar sem hafa áhrif á rétt til bóta. Einnig er heimilt að endurkrefja bótaþega þegar bætur/dagpeningar eru ofgreiddir vegna mistaka af hálfu starfsmanna sjóðsins.
- 17.5 Þegar bótaþegi hefur fengið greiddar bætur/dagpeninga úr sjúkrasjóði en síðar kemur í ljós t.d. fyrir dómstólum að hann hefur átt rétt til frekari greiðslna frá atvinnurekanda s.s. launa í veikindum skal endurkrefja bótaþega.